



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 48/2011

Notkun Straumhvarfs ehf. (Arctic Rafting) á heitinu Bakkaflöt

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Ferðapjónustunnar Bakkaflatar með tölvupósti, dags. 10. desember 2010.

Í tölvupóstinum kemur fram að Ferðapjónustan Bakkaflöt hafi verið starfrækt frá árinu 1987. Fyrirtækið hafi verið markaðssett með heitinu Bakkaflöt allt frá upphafi, ýmist sem Bakkaflöt, Ferðapjónustan Bakkaflöt og Bakkflöt Skagafirði. Nýverið hafi Ferðapjónustan Bakkaflöt uppgötvað að þegar heitið Bakkaflöt sé skráð inn á símaskrána ja.is á Internetinu komi efst upp heitið Arctic Rafting, en það fyrirtæki sé í beinni samkeppni við Ferðapjónustuna Bakkaflöt. Skv. upplýsingum sem kvartandi hafi aflað sér hafi Arctic Rafting keypt leitarorðið Bakkaflöt hjá ja.is. Hafi það verið gert í þeim tilgangi að villa um fyrir fólki. Af erindinu má ráða að þess sé krafist að Arctic Rafting afskrái leitarorðið hjá ja.is. Í erindinu er vísað til 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Ferðapjónustunnar Bakkaflatar var sent Arctic Rafting til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 14. desember 2010. Var þess getið að tilvísun í erindinu í 15. gr. laga nr. 57/2005 ætti sennilega að vera tilvísun í 15. gr. a. Auk þess kæmi að mati Neytendastofu 5. gr. sömu laga til álita.

Svar Arctic Rafting barst Neytendastofu með tölvubréfi dags. 21. desember 2010. Þar segir að Arctic Rafting noti hvergi heitið Bakkaflöt í auglýsingum sínum. Það hafi aldrei verið gert. Rétt sé að fyrirtækið hafi keypt leitarorðið Bakkaflöt á ja.is og birst undir því leitarorði frá því í maí



2010, þegar starfsemi fyrirtækisins hafi hafist í nágrenni Ferðapjónustunnar Bakkaflatar. Telji fyrirtækið að lykilatriði sé að um leitarorð sé að ræða en ekki auglýsingu og því eigi þær lagagreinar sem vísað sé til ekki við.

Því sé hafnað að verið sé að birta villandi upplýsingar. Bakkaflöt komi hvergi fyrir í auglýsingum fyrirtækisins og með engum hætti sé verið að villa um fyrir þeim sem nota þjónustu ja.is. Sé slegið orðið Bakkaflöt inn á ja.is birtist Arctic Rafting efst einfaldlega vegna þess að fyrirtækið er ofar í stafrófinu.

Í maí 2010, hafi Arctic Rafting hafið rekstur flúðasiglinga í Skagafirði og geri út frá Hafgrímsstöðum. Hvorki afþreying né nokkurs konar ferðapjónusta hafi verið starfrækt þar áður. Ferðapjónustan Bakkaflöt hafi verið starfrækt lengi og sé eitt helsta kennileitið í nágrenninu. Ásamt því að vera þekkt kennileiti bjóði Ferðapjónustan Bakkaflöt upp á ýmiskonar þjónustu, s.s. gistingu sem viðskiptavinir Arctic Rafting gætu nýtt sér.

Minna en 5 kílómetrar skilja staðina tvo að og telji Arctic Rafting að viðskiptavinir Ferðapjónustunnar Bakkaflatar gætu jafnframt nýtt sér þjónustu Arctic Rafting og því ekkert óeðlilegt að sú þjónusta sé kynnt.

2.

Tölvubréf Arctic Rafting var sent Ferðapjónustunni Bakkaflöt til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. desember 2010. Svar Ferðapjónustunnar Bakkaflatar er dags. 12. janúar 2011. Þar kemur fram að fyrirtækið telji skráningu Arctic Rafting á heitinu Bakkaflöt í símaskrána ja.is vera brot á 5. gr., 6. gr., 14. gr. 15. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005.

Í allri markaðssetningu Ferðapjónustunnar Bakkaflatar sé vísað til nafns jarðarinnar Bakkaflatar. Hafi því skapast réttur til vörumerkisins Bakkaflatar án skráningar sbr. meginreglur vörumerkjaréttarins.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 sé lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Nánar sé svo tiltekið í III. – V. kafla laganna hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta. Í 14. gr. sé kveðið á um að óheimilt sé að beita slíkum viðskiptaaðferðum gagnvart keppinautum sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vöru. Ljóst sé að leitarorð keppinautarins dragi úr eftirspurn eftir þjónustu Ferðapjónustunnar Bakkaflatar. Með kaupum á leitarorðinu Bakkaflöt hjá ja.is sé Arctic Rafting að kaupa samanburðarauglýsingu í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Brotið sé gegn d., e., g. og h. liðum 2. mgr. 15. gr. Þá sé brotið gegn 15. gr. a laganna þar sem vörumerkið Bakkaflöt sé notað án heimildar. Þá sé brotið gegn 2. mgr. 6. gr. laganna þar sem um sé að ræða auglýsingu og viðskiptaaðferð sem sé ósanngjörn gagnvart keppinautum. Enginn vafi sé á því að um auglýsingu sé að ræða í skilningi laga nr. 57/2005 enda greitt sérstaklega fyrir leitarorðið auk þess sem auglýsingar hjá ja.is séu seldar af sölumönnum fyrirtækisins.



3.

Bréf Ferðapjónustunnar Bakkaflatar var sent Arctic Rafting til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. janúar 2011. Svar fyrirtækisins er dags. 25. janúar 2011. Þar er þess krafist að öllum atriðum kvörtunarinnar verði hafnað þar sem kvörtunin eigi ekki við rök að styðjast miðað við gildandi lagaumhverfi.

Hér sé um að ræða kaup á leitarorði sem feli eingöngu í sér hlutlausa miðlun upplýsinga þar sem fram komi hvar tiltekið fyrirtæki hafi starfsemi sína og hvernig hægt sé að hafa samband við fyrirtækið. Eingöngu sé um að ræða birtingu á stöðluðum upplýsingum um fyrirtæki í gagnagrunni ja.is, þ.e. sömu upplýsingar og birtist árlega í símaskránni. Hér sé eingöngu um að ræða hlutlausa miðlun staðlaðra upplýsinga.

Arctic Rafting bjóði m.a. upp á fljótasiglingar á nokkrum ám á Íslandi. Til þess að aðilum sem séu að leita að afþreyingu sé ljóst framboð þjónustu hjá fyrirtækinu hafi fyrirtækið keypt leitarorð á þekktum kennileitum sem beri fyrir í ferðum fyrirtækisins jafnt á vefsvæði ja.is, google.com og öðrum sambærilegum leitarsíðum. Kaup á leitarorði geti varla falið í sér ólögmæta starfsemi eða viðskiptahætti enda um alþekktu þjónustu að ræða. Á vefsvæði ja.is birtist eingöngu staðlaðar upplýsingar um heimilisfang og símanúmer. Þegar leitarorð séu slegin inn komi einnig upp sambærilegar upplýsingar um ýmsa fleiri aðila sem hafi með einum eða öðrum hætti tengingu við sömu leitarorð. Þannig virðist kvörtun Ferðapjónustunnar Bakkaflatar öðru fremur snúast um röðun aðila þegar leitarorð sé slegið inn. Þá telji Arctic Rafting óheppilegt að Ferðapjónustan Bakkaföt skuli koma með fjórar efstu leitarniðurstöður á ja.is þegar slegið sé inn leitarorðið „River Rafting“. Hæpið sé að sjá hvernig sjónarmið kvartanda um ólögmæta og villandi viðskiptahætti og auglýsingar í markaðssetningu rími við þá staðreynd að kvartandi sjálfur beiti sömu aðferðum við kaup á leitarorðum. Taki Neytendastofa undir fráleit sjónarmið kvartanda væri augljóslega um gróft brot á jafnræðisreglu á markaði að ræða þar sem kvartandi gæti þá beitt sömu aðferðum áfram en Arctic Rafting væri meinað slíkt.

Arctic Rafting bjóði upp á skipulagðar ferðir og afþreyingu ýmis konar við ýmsa vinsæla ferðamannastaði á Íslandi t.d. Skaftafell í Örfum. Kaup á leitarorðinu Skaftafell sé þannig sjálfsögð þó rekið sé hótél með sama nafni. Sama gildi um kaup á leitarorðinu Bakkaföt enda landsþekkt kennileiti og um þekktan áfangastað ferðamanna að ræða. Sú staðreynd að Arctic Rafting bjóði upp á skipulagðar ferðir í nágrenni staðarins með sama hætti og ferðir í nágrenni Hótel Skaftafells sé til þess fallin að auka tekjur viðkomandi gistirekenda og stuðla að aukinni sókn ferðamanna á slíka staði. Það að Ferðapjónustan Bakkaföt og Arctic Rafting séu keppinautar á sama markaði sé alrangt. Arctic Rafting hafi aldrei stundað alhlíða þjónustu við ferðamenn. Aðeins sé um að ræða sölu á ferðum og afþreyingu hjá fyrirtækinu. Þekkt sé að gæði og öryggi ferða Arctic Rafting, jafnt fljótasiglinga sem annarra ferða sé slíkt að ekki sé um



sambærilega vöru að ræða við aðra aðila á ferðapjónustumarkaði hérlendis. Því sé fráleitt að tala um keppinauta. Bakkafllöt sé auk þess götuheiti í Garðabæ. Því sé fráleitt að halda því fram að Ferðapjónustan Bakkafllöt eigi einkarétt á leitarorðinu Bakkafllöt.

Telji Neytendastofa að þessi staðlaða skráning falli undir gildissvið laga nr. 57/2005 sé um að ræða framsækna og rýmkandi túlkun á gildissviði laganna. Verði stofnunin þá að stórauka eftirlit sitt á þessu sviði. Fjöldi einstaklinga sé skráður í símaskrá með starfsheiti sem sé hvorki í samræmi við raunverulega menntun eða atvinnu, jafnvel upplýsingar sem séu í ósamræmi við lögvernduð starfsheiti.

Hvernig framangreind háttsemi eigi að falla undir tilvitnuð lagaákvæði sé með öllu órökstutt. Í því ljósi sé erfitt að svara einstökum atriðum efnislega. Að framan sé þess getið að Ferðapjónustan Bakkafllöt beiti sömu aðferðum við kaup á leitarorðum og verði Neytendastofa að virða jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga við úrlausn málsins.

Kvartandi vísi til 5. gr. laga nr. 57/2005, en þar sé lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Arctic Rafting telji að miðlun staðlaðra upplýsinga í símaskrá þar sem allir landsmenn og fyrirtæki séu sjálfkrafa skráð geti ekki fallið undir ákvæði laganna. Þá telji fyrirtækið að miðlun staðlaðra upplýsinga í símaskrá um heimilisfang, símanúmer og netfang fyrirtækisins séu til þess fallnar að auka möguleika neytenda á því að ná sambandi við fyrirtækið. Þannig sé miðlun slíkra upplýsinga neytendum til hagsbóta. Tilvísun til þessarar lagagreinar sé hafnað með öllu. Þá sé vísað til 6. gr. sömu laga. Í lagagreininni sé fjallað um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skuli þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Skráning í símaskrá geti ekki talist til auglýsinga. Þá sé miðlun upplýsinga á ja.is hvorki til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vöru. Þá sé vandséð að ja.is geti talist fjölmiðill. Sé því tilvísun til þessarar greinar hafnað með öllu.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 er fjallað um að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Kaup á leitarorði og skráning í símaskrá geti hvorki verið auglýsing né viðskiptaaðferð enda flestir landsmenn og fyrirtæki skráð í símaskrána. Hafi allir, jafnt lögaðilar sem einstaklingar jafnan aðgang að slíkum kaupum. Kaup á leitarorði sem séu í samræmi við stefnu fyrirtækisins, að auka miðlun þekktra kennileita til að erlendir aðilar eigi auðveldara með að finna staðina á landakortum og með staðsetningartækjum. Þannig sé verið að lágmarka kostnað opinberra aðila af leit og björgun villtra ferðamanna í óbyggðum.

Þá vísar kvartandi til 14. gr. laga nr. 57/2005. Þar segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætt eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki séu brenndar gagnvart keppinautum enda séu



upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi. Arctic Rafting kappkosti eftir fremsta megni að upplýsingar í skráningu á ja.is séu réttar. Þannig sé um að ræða heimilisfang, símanúmer og vefsvæði fyrirtækisins. Ekki verði séð hvernig afskiptum Neytendastofu af slíku séu nauðsynleg.

Kvartandi vísar til 15. gr. laga nr. 57/2005. Þar sé fjallað um samanburðarauglýsingar. Slíku hafi Arctic Rafting aldrei beitt. Ekkert í þeim upplýsingum sem finna megi um fyrirtækið á ja.is eða í símaskrá vísar beint eða óbeint til annarra aðila. Þvert á móti sé um sjálfstæðar upplýsingar og auðkenni að ræða sem fyrirtækið hafi aflað sér með lögmætum hætti.

Vísað er til 15. gr. a laga nr. 57/2005. Lagagreinin fjalli um að notkun firmanafna, verslunarmerkja og annarra auðkenna sem aðrir eigi tilkall til sé óheimil. Arctic Rafting hafi aldrei notað staðarnafnið Bakkaföt, hvorki með opinberum eða óopinberum hætti. Órökstudd tilvísun til lagagreinarinnar sé þannig með öllu óskiljanleg.

Þá er vísað til dóms Evrópuðómstólsins í máli nr. C-558/08 frá 8. júlí 2010 þar sem reynir á túlkun tilskipunar nr. 89/104/EEC sem tekið hefur verið upp í EES samninginn og þannig innleitt að íslenskum rétti. Einkum sé vísað til túlkunar dómstólsins og inntaki og gildissvið 7. gr. tilskipunarinnar.

4.

Bréf Arctic Rafting var sent Ferðaþjónustunni Bakkaföt til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. febrúar 2011. Svar fyrirtækisins barst með tölvupósti, dags. 4. apríl 2011. Þar segir að Arctic Rafting haldi því fram að um sé að ræða kaup á leitarorði sem feli í sér hlutlausu miðlun upplýsinga m.a. hvernig hægt sé að hafa samband við fyrirtækið. Ljóst sé að Arctic Rafting sé ekki með starfsemi á Bakkaföt og að Ferðaþjónustan Bakkaföt líði fyrir það að hægt sé að hafa samband við Arctic Rafting með því að slá inn orðið Bakkaföt á ja.is.

Arctic Rafting telji óheppilegt að Ferðaþjónustan Bakkaföt komi með fjórar efstu leitarniðurstöðurnar á ja.is þegar slegið sé inn leitarorðið River rafting.

Að mati Ferðaþjónustunnar Bakkafatar er þessu ekki saman að jafna. River rafting sé ekki heiti heldur þjónusta sem fyrirtækið bjóði upp á ásamt fleirum. Eigi jafnræðisreglan því ekki við í þessu sambandi. Þá er bent á að sé River rafting slegið inn á ja.is þá komi upp Ævintýraferðir í Varmahlíð í tveim fyrstu línunum en það fyrirtæki sé í eigu Arctic Rafting.

Í bréfi Arctic Rafting segi að fyrirtækið bjóði upp á skipulagðar ferðir og afþreyingu ýmis konar við ýmsa vinsæla ferðamannastaði á Íslandi, t.d. Skaftafell í Örefum. Kaup Arctic Rafting á leitarorðinu Skaftafelli sé þannig sjálfsgöð þó rekið sé hótél með sama nafni. Sama gildi um kaup



á leitarorðinu Bakkaföt enda um landsþekkt kennileiti að ræða og þekktan áfangastað ferðamanna.

Að mati Ferðapjónustunnar Bakkafatar sé þetta ekki sambærilegt. Hótel Skaftafell bjóði ekki upp á samskonar afþreyingu og Arctic Rafting og þó að svo væri þá sé Skaftafell heiti yfir stórt svæði en ekki 9 hektara spildu eins og Bakkaföt sé.

Í bréfi Arctic Rafting segi að Ferðapjónustan Bakkaföt og Arctic Rafting séu ekki keppinautar á sama markaði. Að mati Ferðapjónustunnar Bakkafatar eru fyrirtækin í samkeppni í siglingum niður Vestari og Austari jökulsár í Skagafirði og séu það einu rafting fyrirtækin í dag á landinu. Engu skipti þó þjónusta Ferðapjónustunnar Bakkafatar við ferðamenn sé víðtækari og mun meiri en þjónusta Arctic Rafting.

Arctic Rafting fullyrði að gæði og öryggi ferða Arctic Rafting, jafnt fljótasiglinga sem annarra ferða, sé slíkt að ekki sé um sambærilega vöru að ræða við aðra aðila á ferðapjónustumarkaði héraendis og því ekki samanburðarhæft. Fullyrðingunni sé vísað á bug af hálfu Ferðapjónustunnar Bakkafatar.

Að Bakkaföt sé auk þess götuheiti í Garðabæ fær Ferðapjónustan Bakkaföt ekki séð að réttlæti kaup Arctic Raftings á leitarorðinu Bakkaföt.

Rangt sé að í fljótasiglingum Arctic Rafting sé m.a. siglt framhjá jörðinni Bakkaföt í Skagafirði. Framhjá Bakkaföt renni Svartá sem sé það vatnslítill að hún bjóði ekki upp á siglingar. Þó að svo væri, réttlætti það ekki að keppinautur noti nafnið til þess að koma sér á framfæri.

5.

Með bréfi Neytendastofu til Arctic Rafting, dags. 7. apríl 2011, var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að athugasemdum við tölvupóst Ferðapjónustunnar Bakkafatar. Bréf Neytendastofu var ítrekað með bréfi dags. 13. maí 2011. Ekkert svar barst frá Arctic Rafting.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 21. júní 2011, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu og að ákvörðun stofnunarinnar yrði tilkynnt um leið og hún lægi fyrir. Gagnaskrá fylgdi bréfinu.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Ferðapjónustan Bakkaföt yfir skráningu Arctic Rafting, sem rekið er af Straumhvarfi ehf., á heitinu Bakkaföt í símaskrána ja.is, í maí 2010. Þegar heitið Bakkaföt sé



slegið inn á ja.is birtist fyrst Arctic Rafting og svo Ferðapjónustan Bakkaföt. Ferðapjónustan Bakkaföt hafi verið starfrækt frá árinu 1987 og verið markaðssett með heitinu frá upphafi, ýmist sem Bakkaföt, Ferðapjónustan Bakkaföt og Bakkaföt Skagafirði. Að mati Ferðapjónustunnar Bakkaföt sé tilgangur Arctic Rafting með skráningunni að villa um fyrir neytendum. Að mati kvartanda brýtur skráningin gegn 5. gr., 6. gr., 14. gr., 15. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Arctic Rafting segir að fyrirtækið noti hvergi heitið Bakkaföt í auglýsingum sínum. Fyrirtækið hafi keypt leitarorðið Bakkaföt á ja.is og hafi birst undir því leitarorði frá því í maí 2010, þegar starfsemi fyrirtækisins hafi hafist út frá Hafgrímsstöðum sem sé í nágrenni Ferðapjónustunnar Bakkaföt. Skráningin sé ekki auglýsing heldur sé hér einungis um leitarorð að ræða. Eigi því lagagreinar þær sem vísað sé til ekki við. Þá sé til þess að taka að Ferðapjónustan Bakkaföt hafi verið starfrækt lengi og sé þekkt kennileiti. Þá bjóði Ferðapjónustan Bakkaföt upp á ýmskonar þjónustu svo sem gistingu sem viðskiptavinir Arctic Rafting gætu nýtt sér. Minna en 5 kílómetrar skilji staðina tvo að og telji Arctic Rafting að viðskiptavinir Ferðapjónustunnar Bakkaföt gætu jafnframt nýtt sér þjónustu Arctic Rafting og því ekkert óeðlilegt við það að sú þjónusta sé kynnt.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Að mati Neytendastofu kemur einungis 2. mgr. 6. gr. til álita en hún hljóðar svo:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í greinargerð með ákvæðinu þegar það kom fyrst fram í lögum segir að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Í 14. gr. segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“



15. gr. laganna snýr að samanburði milli fyrirtækja eða vöru eða þjónustu sem fyrirtæki veita. d., e., g., og h. liðir hljóða svo:

Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

d. á markaðnum verði ekki villst á auglýsanda og keppinauthans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,

e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,

g. ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,

h. vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Arctic Rafting heldur því fram að skráning fyrirtækisins á heitinu Bakkaflöt á ja.is sé hvorki auglýsing né viðskiptaaðferð heldur skráning á leitarorði og eigi því framangreindar lagagreinar ekki við. Ekki eru færð frekari rök fyrir þessari afstöðu fyrirtækisins. Í 5. grein er tekið til óréttmætra viðskiptahátta, 2. másl. 6. gr. snýr að auglýsingum og öðrum viðskiptaaðferðum, í 14. gr. segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum



eða með öðrum hætti, í 4. mgr. 15. gr. segir að ákvæðið taki einnig til annarra svipaðra viðskiptahátta og auglýsinga og 15. gr. a tekur til atvinnustarfsemi. Ljóst er að framangreind lagaákvæði taki ekki einungis til auglýsinga í þröngri merkingu þess orðs heldur til allra viðskiptahátta. Í 3. gr. nr. 57/2005 er fjallað um merkingu orða í lögnum. Um hugtakið viðskiptahættir segir í 6. tl.: „Viðskiptahættir eru markaðssetning fyrirtækja eða önnur athöfn, athafnaleysi eða háttarni sem tengist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru og þjónustu.“ Kaup á leitarorði og skráning í símaskrá eru því að mati Neytendastofu viðskiptahættir. Er það því mat Neytendastofu að framangreindar lagagreinarnar komi til álita í máli þessu.

Að mati Neytendastofu á Ferðaðþjónustan Bakkaföt rétt til notkunar heitisins Bakkaföt. Fyrirtækið hefur um árábil verið rekið á lögbýlinu Bakkaföt og jafnframt hefur fyrirtækið skráð vörumerkið Batafjör Bakkaföt. Arctic Rafting hefur ekki rétt til notkunar heitisins og hefur ekki notað heitið í rekstri fyrirtækisins, en hefur tengt fyrirtækið við heitið Bakkaföt sem leitarorð á símaskránni ja.is. Því kemur til skoðunar 1. másl. 15. gr. a.

3.

Ferðaðþjónustan Bakkaföt hefur starfsstöð á lögbýlinu Bakkaföt í Skagafirði og er rekin á kennitölu ábúanda. Hefur fyrirtækið verið rekið þar frá árin 1987. Þá skráði fyrirtækið vörumerkið Batafjör Bakkaföt í nóvember 2004. Meginreglan er sú að eigandi vörumerkis öðlast einkarétt á því og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

4.

Fyrst verður vikið að skráningu Bakkafötar hjá ja.is. Þegar heitið er slegið inn hjá ja.is kemur fyrst upp „Bakkaföt ferðaðþjónusta Skagafirði“ ásamt símanúmerum, heimasíðu og tölvupóstfangi og númer tvö „Arctic Rafting skrifstofa Laugavegi 11 101 Reykjavík“ ásamt símanúmerum heimasíðu og tölvupóstfangi.

Sé hins vegar slegið inn Bakkaföt rafting birtist fyrst „Arctic Rafting skrifstofa Laugavegi 11 101 Reykjavík“ ásamt símanúmerum, heimasíðu og tölvupóstfangi og svo „Bakkaföt ferðaðþjónusta Skagafirði“ ásamt símanúmerum, heimasíðu og tölvupóstfangi. Sama á við sé slegið inn Ferðaðþjónustan Bakkaföt og Bakkaföt Skagafirði.



Sé slegið inn Batafjör Bakkaföt kemur upp „Bakkaföt ferðafjónusta Skagafirði“ ásamt símanúmerum heimasíðu og tölvupóstfangi en engar upplýsingar um Arctic Rafting. Er til þess að taka að heitið „Batafjör Bakkaföt“ er skrásett vörumerki. Að mati Neytendastofu er ljóst að skráning Arctic Rafting á heitinu Bakkaföt sem kennileiti fyrir fyrirtækið skapar verulega ruglingshættu milli fyrirtækjanna Ferðafjónustunnar Bakkaföt og Arctic Rafting. Í nær öllum tilvikum þegar heitið er slegið inn birtist nafn og upplýsingar um Arctic Rafting ásamt Ferðafjónustunnar Bakkafötar. Yfirleitt birtist nafn Arctic Rafting fyrst. Neytendur sem vilja ná sambandi við Ferðafjónustuna Bakkaföt í gegnum ja.is slá inn heitið Bakkaföt og oft með öðru orði sem lýsir starfsemi. Það að fyrirtækið Arctic Rafting birtist getur hæglega valdið ruglingi hjá neytendum. Það getur valdið því að neytendur telji að um erlent heiti Ferðafjónustunnar Bakkafötar sé að ræða eða að fyrirtækin séu nátengd. Það sem eykur á ruglingshættuna er að fyrirtækin bjóða sömu fjónustu í nágrenni við hvort annað, þ.e. fljótasiglingar niður Vestari og Austari jökulsár í Skagafirði. Fullyrðingar um að fyrirtækin séu ekki í samkeppni þar sem Ferðafjónustan Bakkaföt bjóði jafnframt upp á aðra fjónustu við ferðamenn breytir engu þar um. Þá er fullyrðing um að gæði og öryggi ferða á vegum Arctic Rafting sé ekki saman að jafna við aðra ferðafjónustumarkaði algerlega örökstudd. Þá er til þess að taka að Bakkaföt er heiti á lögbýli þar sem Ferðafjónustan Bakkaföt hefur starfsemi sína og þykir Neytendastofu óeðlilegt að Arctic Rafting sem hefur aðsetur annars staðar kenni sig við lögbýli það sem keppinautur hefur aðsetur. Heitið Bakkaföt er ekki almennt heiti og er alls ekki lýsandi fyrir flúðasiglingar. Þá kemur fram í gögnum málsins að ein af ástæðum þess að Arctic Rafting hefur skráð heitið Bakkaföt hjá ja.is er að koma skilaboðum til viðskiptavina Bakkafötar að þeir geti nýtt sér fjónustu Arctic Rafting sem sé í minna en 5 kílómetra fjarlægð. Neytendastofa sér ekki að máli skipti að upplýsingarnar um fyrirtækið sé „hlutlaus miðlun staðlaðra upplýsinga“. Það sem mál þetta snýst um er hvar upplýsingarnar birtast. Skráning Ferðafjónustunnar Bakkafötar á orðunum „River rafting“ er einungis skráning á fjónustu ekki á heiti. Allar fullyrðingar um að jafnræðisreglu sé ekki gætt með vísan til þeirrar skráningar fær því ekki staðist. Neytendastofa er sammála því að skráning Arctic Rafting á heitinu Skaftafell sé sjálfsgöð þó svo hótél beri sama nafn enda engin hætta á ruglingi og ekki um samkeppni fyrirtækjanna að ræða. Þá fær Neytendastofa ekki séð að það komi máli þessu við að eitt af götuheitum í Garðabæ sé Bakkaföt.

Í gögnum málsins vísar Arctic Rafting til dóms Evrópudómstólsins og einkum túlkun dómstólsins að 7. gr. tilskipunar nr. 89/104/EEC. Þessi dómur snýr að vörumerkjarétti og tilvitnuð 7. gr. tilskipunar hefur verið tekin upp í vörumerkjalog hér á landi með lögum nr. 117/2009. Neytendastofa hefur ekki eftirlit með þeim lögum.

Að mati Neytendastofu er tenging Arctic Rafting við heitið Bakkaföt í símaskrá ja.is ósanngjörn gagnvart keppinauti og neytendum þar sem skírskotað er til óviðkomandi mála. Þá er skráningin



til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn. Þá felst í skráningunni notkun Arctic Rafting á auðkenni sem fyrirtækið á ekki tilkall til sem leitt getur til þess að villst verði á því og öðru auðkenni Ferðapjónustunnar Bakkaflatar. Skráning Arctic Rafting á heitinu Bakkaflöt í símaskrána ja.is er því brot á 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 14. gr. og 1. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Neytendastofa fær ekki séð að skráning Arctic Rafting á heitinu Bakkaflöt feli á nokkurn hátt í sér samanburð á fyrirtækjunum og kemur því 15. gr. laganna ekki til álita í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Straumhvarf ehf., rekstraraðili Arctic Rafting, Laugavegi 11. Reykjavík, hefur með tengingu við heitið Bakkaflöt sem leitarorð í símaskrá ja.is, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 14. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Straumhvarfi ehf. gert að afskrá heitið Bakkaflöt sem leitarorð úr símaskránni ja.is. Skal afskráningin fara fram innan fjögurra vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 18. júlí 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir